

Ársskýrsla IGI 2013



Stjórn IGI 2012-2013:

Formaður:

Jónas B. Antonsson - Gogogic

Meðstjórnendur:

Hilmar Örn Egilsson - Fancy Pants Global

Þorsteinn B. Friðriksson - Plain Vanilla

Anna Katrín Ólafsdóttir - CCP

Ólafur Andri Ragnarsson - Betware

Varamenn:

Stefanía G. Halldórsdóttir - CCP

Jóhannes Sigurðsson – Gogogic

Katrín D. Þorsteinsdóttir hjá Samtökum iðnaðarins starfaði með samtökunum

Ársskýrsla stjórnar var kynnt á aðalfundi IGI sem haldinn var 27. september 2013 kl. 12:00 í húsnæði Samtaka iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

Samtök íslenskra tölvuleikjaframleiðenda voru stofnuð þann 25. september 2009 sem starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins og eru því fjögurra ára.

Við stofnun félagsins var heildarvelta fyrirtækjanna um 6,7 milljarðar en árið 2011 um 8,8 milljarðar. CCP er langstærsta félagið með um 89% af veltunni. Staðan í greininni er sú að smærri leikjafyrirtæki eiga erfitt með að fjármagna sig en þó gerast jákvæðir hlutir eins og sala CLARA til bandaríska hugbúnaðarfyrirtækisins Jive Software og fjármögnun Plain Vanilla.

Aðildarfélög IGI eru nú átta talsins: CCP, Betware, Fancy Pants Global, Plain Vanilla, Skema, Ymir Mobile, Lumenox og Alterego Studios.

Starfsemi IGI 2012 - 2013

Aðalfundur IGI árið 2012 var haldinn 20. september. Síðan þá hafa verið haldnir níu stjórnarfundir. Forsvarsmenn aðildarfyrirtækja hafa fengið fundargerðir stjórnar sendar rafrænt þegar stjórnin hefur samþykkt þær.

Fagráð lista og skapandi greina og hugverkaiðnaðarins hjá Íslandsstofu

Ólafur Andri hefur setið fyrir hönd IGI í fagráði lista og skapandi greina hjá Íslandsstofu og í fagráði hugverkaiðnaðarins. Fagráðin eru stjórn Íslandsstofu til stuðnings við stefnumótun í þessum málaflokkum. IGI hefur tekið virkan þátt í fagráðunum og reynt að leggja sitt af mörkum til þess að styðja við sameiginlega stefnu þeirra og IGI.

Skapandi greinar

IGI hefur áheyrnarsæti í stjórn skapandi greina. Ólafur Andri hefur verið fulltrúi IGI. Ráðstefnan You are in Control sem var lengi vel undir Úton en er var færð undir skapandi greinar fór fram haustið 2012 og tók Ólafur Andri þátt í að móta þá ráðstefnu fyrir hönd IGI. Þess má geta að Íslandsstofa hefur tekið þessa ráðstefnu að sér 2013 og 14. IGI mun eins og áður koma að mótun hennar og mæla með “showcase” úr leikjaiðnaðnum til að kynna á ráðstefnunni.

Nordic Game ráðstefnan 2013

Lítið fór fyrir íslenskum fyrirtækjum á Nordic Game ráðstefnunni í ár og til að mynda var hætt við að hafa íslenskan bás. Aðildarfyrirtækjum var boðinn stuðningur, ef þau kusu að fara, en þröskuldurinn var æði hár. Hugsanlega er þessi þróun til marks um þá erfiðleika sem steðja að í greininni um þessar mundir þegar litið er til Íslands. Þetta er miður, einkum þar sem mikill uppgangur er í greininni á hinum Norðurlöndunum og hætt við því að Ísland dragist aftur úr, ef ekkert er að gert. Stefanía sat í valnefnd „Nordic games award 2013“ á s.l. ári en verðlaunin eru veitt á ráðstefnunni.

Ólafur Andri hefur verið fulltrúi IGI f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Nordic game program sem er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og stendur að baki þessari ráðstefnu.

Nordic Game samstarfið og stofnun NGI

Stofnfundur Norrænna samtaka leikjaframleiðenda – Nordic Game Institute, var haldinn á Íslandi 15. október 2012. Reykjavíkurborg bauð til móttöku og ávörpuðu borgarstjóri og atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra samkomuna.

Stofnun samtakanna markar tímamót. 330 norræn leikjafyrirtæki eiga aðild að samtökunum, varlega áætlað var árleg velta þeirra er um 360 millj. EUR og hjá þeim starfa rúmlega 4000 manns. Svíþjóð og Finnland leiða ört vaxandi iðnað og tekjuöflun.

Markmiðið með samnorrænum samtökum er að gæta hagsmuna norrænna leikjaframleiðenda, skapa öflugan samstarfsvettvang og stuðla að uppbyggingu þessa ört vaxandi iðnaðar.

Meðal verkefna er að standa fyrir norrænni leikjaráðstefnu árlega, byggja upp viðskiptasambönd og efna til kynningar á alþjóðlegum vettvangi auk þess að efna til samvinnu við annan skapandi iðnað, ss. kvikmyndaiðnað, sjónvarp og tónlistariðnað.

Stofnun samtakanna hafði verið í undirbúningi undanfarið ár og á rætur að rekja til Nordic Game Program sem Norræna ráðherranefndin hefur rekið. Það verkefni var hins vegar tímabundið og er senn á enda. Það er því mikilvægt að fá sterk samtök til að vinna að þessum málum í samstarfi við ráðherranefndina og lykilráðamenn í hverju landi.

Hátækni- og sprotavettvangur

Hátækni og sprotavettvangur er samstarfsvettvangur sex ráðuneyta og sjö hagsmunahópa á svið tækni- og hugverkaiðnaðar innan SI. Markmið með vettvangnum er að efla starfsskilyrði og vinna að uppbyggingu tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi.

Fulltrúi IGI s.l. starfsár var Jónas B. Antonsson Gogogic en Stefanía Halldórsdóttir CCP leysti hann af hólmi á tveimur síðustu fundum þar sem hann var fjarverandi.

Game Creator

Stjórn IGI hefur ákveðið að tölvuleikjagerðarkeppnin „Game Creator“ verði haldin janúar – febrúar 2014. Vinningshafi keppninar verður handhafi „IGI awards“.

Verður það því eitt af fyrstu verkefnum nýrrar stjórnar að skipuleggja keppnina en hún hefur verið unnið í góðri samvinnu við HR og HÍ.

Monthly Meetups

Monthly Meetups kvöldin lögðust í dvala á síðasta starfsári. Því miður var enginn til að sinna þessu verkefni sem skildi. Nú stendur til að endurvekja þessa viðburði, enda stór þáttur í að halda sambandi við grasrót iðnaðarins og þá sem hafa áhuga á gerð tölvuleikja. Áætlað er að halda fyrstu samkomuna í haust.

The future is bright – ráðstefnan

Lögð var áhersla á að undirbúa ráðstefnu sem halda átti haustið 2013. Því miður gengu áætlanir ekki eftir og fjármögnun reyndist erfið, sem er undirstaða þess að geta fengið frambærilega fyrirlesara. Reynt var að fá George RR Martin til þess að halda opunarfyrirlestur og tók hann vel í þær hugmyndir en reyndist síðan ekki fært að koma. Þá var ákveðið að færa ráðstefnuna til 2014 og verður það verkefni nýrrar stjórnar að ákveða hvernig best er að standa að henni.

Menntamál

Í apríl 2012 var haldinn vinnufundur um menntamál á Íslandi í tengslum við hæfniskröfur og eftirspurn eftir starfskröftum hjá fyrirtækjum sem eru aðilar að IGI. Þar var almennt rætt um stöðu menntakerfisins hvað varðar leikjaiðnaðinn og settar fram hugmyndir um framtíðarmöguleika og sýn.

Vinnuhópurinn samanstóð af eftirfarandi aðilum:

Ari Knörr – Tækniskólinn
Björn Þór Jónsson – Háskólinn í Reykjavík
Hilmar Örn Egilsson – Fancy Pants Global
Rakel Sölvadóttir – Skema
Steinunn A. Gunnlaugsdóttir – Locatify

Samstarf Háskólans í Reykjavík og IGI

Á haustmánuðum 2012 skipulagði starfshópur á vegum IGI áfanga í samstarfi við Háskóla Reykjavíkur sem er að finna á leikjalínu háskólans. Samstarf þetta byggist á samningi milli HR og IGI frá maí 2010. Markmið þessa samstarfs er að auka við menntun á því sviði sem leikjaiðnaðurinn á Íslandi metur að sé mikilvægt bæði gagnvart núverandi þörf iðnaðarins á starfskröftum og því sem spennandi getur talist í tækniþróun um þessar mundir.

Niðurstaðan var námskeið sem kennt var á vorönn 2013. Áhersla var lögð á þróun á sviði snjallsíma og spjaldtölva. Námskeiðinu var skipt í þrjá hluta þar sem var fjallað um forritun í HTML5 (Hybrid Apps) í fyrsta hluta. Forritun fyrir Android (Java) í öðrum hluta og að lokum forritun fyrir iPhone í þriðja hluta (Objective C).

Starfsmenn hjá fyrirtækjum innan vébanda IGI var boðið að sitja námskeiðið allt eða að hluta ef áhugi og pláss var fyrir hendi. Námskeið vakti einnig mikla lukku á meðal nemenda HR og var vel sótt en í kjölfarið var ákveðið að bjóða aftur upp á sama námskeið á haustönn þó að upprunalega hefi það ekki staðið til.

Ljóst er að verðugt verkefni býður nýrrar stjórnar við að efla leikjaiðnaðinn og vinna að því með leikjafyrirtækjunum að koma áfram stefnumótun IGI.

Fyrir hönd stjórnar IGI

Jónas B. Antonsson